



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í hátíðarkvöldverði  
Haraldar V Noregskonungs  
21. mars 2017**

Yðar hátign Harald V konungur  
Yðar hátign Sonja drottning  
Yðar konunglegu tignir, Haakon krónprins og Mette-Marit krónprinsessa  
Forsætisráðherra, varaforseti Stórþingsins, ráðherrar,  
Kæru vinir

Ég þakka yður hjartanlega hið góða boð, að koma í opinbera heimsókn til Noregs. Hér er okkur Íslendingum vel tekið.

Ungum að árum var mér gefin bókaröðin *Lönd og lýðir*, safn rita um ríki heimsins sem hóf göngu sína árið 1949. Vel þótti fara á að fyrsta heftið væri um Noreg og man ég enn hve gaman mér þótti að fræðast um land og þjóð með lestri þess. Yðar hátign, við erum í höllu yðar seint í marsmánuði. Í minni gömlu Noregsbók gat ég lesið að í strandhéruðum suðurhluta landsins fari blóm að springa út í skógunum um þessar mundir, og jafnvel líka hér umhverfis Osló. Náttúrufegurð Noregs er vel lýst í bókinni. Það fylgir hins vegar sögunni að harðbýlt getur verið í þessu landi, fannfergi víða, hvasst hér og vætusamt þar. „Noregur er frá náttúrunnar hendi fátækt land á ystu þröm hins byggða heims,“ sagði bókarhöfundur á sínum tíma, „en þó hafa Norðmenn orðið ein mesta menningarþjóð veraldar.“

Við Íslendingar teljum okkur eiga einhvern skerf í þeim efnum, jafnvel talsverðan. Snorri Sturluson skráði sögur forvera yðar á konungsstóli af mikilli list. Haraldur hárfagri, sá sem fyrstur bar þetta konungsnafn í þessu landi, var að sögn Snorra „allra manna mestur og sterkastur og fríðastur sýnum, vitur maður og skörungur mikill.“ Þeir kunnu að lýsa konungum sínum í þá daga. En gleymum þó ekki því sem Snorri sagði í Prologus Heimskringlu, að það væri „háttur skálda að lofa þann mest er þá eru þeir fyrir en engi mundi það gera að segja sjálfum honum þau verk hans er allir þeir er heyrðu vissu að hégómi væri og skrök, og svo sjálfur hann. Það væri þá háð en eigi lof.“

Bróðursonur Snorra, Sturla Þórðarson, bætti við frásagnir af Noregskonungum, ekki síst með Hákonar sögu Hákonarsonar, meginheimild okkar um sögu norska ríkisins á þrettánda öld.

Við verðum aldrei sammála og einhuga um alla þætti í sögu okkar og samtíð. Íslendingum og Norðmönnum, þessum miklu vinabjóðum, hefur meira að segja tekist að eiga í deilum – auðvitað um fisk. Við höfum líka skipst á skoðunum um þjóðerni Snorra Sturlusonar – og fleiri Íslendinga. Opinn ágreiningur er í raun aðalsmerki þroskaðra samfélaga, sá skýri ásetningur að virða skoðanir annarra og leita ætíð friðsamlegra lausna. En við höfum líka unnið saman. Með íslenskan þjálfara hefur norska kvennalandsliðið í handknattleik fagnað mörgum sigrum og íslenskir unglingar tóku nýverið ástfóstri við sjónvarpsþættina Skam. Nú er íslenskur ungdómur því farinn að nota norskt slangur sem ekki er endilega við hæfi að rekja nánar í hátíðarræðu.

Yðar hátign, öllu gamni fylgir nokkur alvara. Kjarni málsins er sá að við Íslendingar og Norðmenn eigum sameiginlegar rætur og menningararf sem við skulum rækta saman. Þess vegna er það okkur gestunum mikil ánægja að færa Norðmönnum að gjöf Íslendingasögurnar í nýrri og glæsilegri þýðingu með heiðursformála Yðar hátignar – gjöf sem helguð er átræðisafmælum konungshjónanna á þessu ári. Og við skulum halda áfram að vinna saman, Norðmenn og Íslendingar, að miðlun þessa einstæða sagnaarfs til nýrra kynslóða: verkum frændanna Snorra og Sturlu skulum við sýna verðskuldaðan sóma, Sturlungu, fornaldarsögum, konungasögum – af nægu er að taka. Og þá má ekki gleyma Eddukvæðum sem nýkomin eru út í þýðingu Knut Ødegård skálds.

Sameiginlega hagsmuni eigum við líka í samtíma og framtíð. Springa blómin í sunnanverðum Noregi kannski út enn fyrr en hermt var um miðja síðustu öld? Loftslagsmál og hlýnun jarðar varða okkur öll. Við þurfum líka að verja hið norræna velferðarkerfi, opið en öruggt samfélag sem fyrri kynslóðir byggðu upp með dugnaði og einhug. Ræða yðar í Konungsgarði 1. september síðastliðinn [tale under Kongeparets hagefest i Slottsparken] vakti mikla og verðskuldaða athygli á Íslandi eins og víðar í heiminum. Hvað er Noregur? spurði Yðar Hátign og svarið var einfalt, það sama og ég hafði lesið sem ungur drengur heima á Íslandi: „Norge er høye fjell og dype fjorder. Det er vidder og skjærgård, øyer og holmer. Det er frodige åkre og myke heier.” En svo bætti Yðar Hátign við: ”Men Norge er fremfor alt mennesker.“ Það eru orð að sönnu og fólkið er blessunarlega ólíkt, ekki steipt í sama mót. Ég leyfi mér að taka undir þau orð yðar að íbúar eins lands geta verið ólíkir á marga vegu en átt það sameiginlegt að vilja búa saman í sátt og samlyndi. Annars vegar er því einstaklingsfrelsið og fjölbreytnin – að rækta eigin menningararf, iðka sína trú, elska þann sem maður vill, borða það sem maður vill, með því áleggi sem maður

vill – en hins vegar skyldurnar, virðing fyrir réttarríkinu og grundvallarréttindum annarra borgara.

Yðar Hátign! Ég þakka yður og Hennar Hátign, Sonju drottningu, fyrir þær höfðinglegu og vinalegu móttökur sem við Eliza kona mín höfum notið ásamt fylgdarliði okkar. Ég færi yður í lokin síðbúnar hamingjuóskir í tilefni af áttæðisafmælinu fyrir réttum mánuði. Ég tók þá eftir því að í sjónvarpsfréttatíma hér sagði einn Norðmaður á götu úti um konung sinn: „Han er en konge som er med sitt folk i baade glæde og sorg.” Leyfið mér að endurtaka þessi orð á íslensku: „Hann er kóngur sem er með sínu fólki í bæði gleði og sorg“.

Ég bið alla viðstadda um að hafa í huga að þakkir mínar og góðar óskir til Yðar Hátignar og norsku þjóðarinnar ber ég fram, minnugur þeirra orða Snorra að segja ekki neitt sem allir vissu að væri hégómi og skrök. Ég lyfti glasi mínu til heilla Yðar hátignum, yðar konunglegu tignum, og vináttu Íslands og Noregs.